

Fundargerð 80. stjórnarfundar

Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

Haldinn: rafrænt á Teams

Tími: 24.5.2023 14:30

Viðstaddir: Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST), Sigurður Grétar Sigmarsson (SGS)

Fjarstaddur: Baldur Dýrfjörð (BD),

Dagskrá:

1. Fundargerðir 77., 78., 79. stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Skipting embætta

Hlöðver var kjörinn formaður á aðalfundi. Hrund heldur áfram sem gjaldkeri, Sigrún heldur áfram sem ritari. Baldur og Sigurður áfram meðstjórnendur. Brynjólfur var samþykktur skoðunarmaður á aðalfundi.

3. Önnur eftirfylgni aðalfundar

Send var inn tilkynning til skattsins um stjórnarsamsetningu. Hlöðver mun breyta skráningu á heimilisfangi félagsins en það á að vera skráð á heimilisfang vinnustaðar formanns félagsins. Fundargerð aðalfundar samþykkt.

4. Stjórnarfundir í vor og sumar

Frí tekið í sumar og næsti fundur haldinn í ágúst.

5. Næstu viðburðir.

Rætt um að viðburður næsta haust væri fræðslufundur um ofanvatnsmál á mýrarsvæðum.

Umræður um möguleg umfjöllunarefni á afmælisviðburði. Viðburður ætti að vera vorið 2024

Hrund var búin að gera tillögu að umfjöllunarefni um hringrásarhagkerfi en veltir nú fyrir sér hvort verið sé að ræða hringrásarhagkerfið á of mörgum öðrum vettvöngum til þess að þetta verði vel sóttur viðburður. Hlöðver ræðir um hvað Veitur séu að skoða í hringrásarhugsuninni núna. Eru t.d. að leita að aðila til þess að nýta fitu úr skólpi en fitan ætti að vera verðmætasti hluti núverandi úrgangs. Sigurður minnst á vinnu tengt fráveitumálum á Þingvöllum. Hvernig er hægt að nota tæknilausnir til þess að vinna betur með úrgang til þess að draga úr kostnaði við flutning. Hrund ræðir um plast í seyrinni.

Önnur hugmynd væri viðburður með titlinum „Fráveitan eftir fimmtíu ár“. Hvar viljum við sjá okkur og hver eru mikilvægustu verkefni á næstu árum.

Rætt var um hvort skipa ætti í afmælisnefnd. Stjórnarfolk leggur höfuð í bleyti yfir sumarið og frekari tillögur ræddar í haust.

6. Önnur mál.

Sigurður sýnir erlenda staðla sem eru samþykktir af staðlaraði fyrir hönnuði um skólp og ofanvatn.

Fundi var slitið klukkan 15:45. Fundarritari: Sigrún Tómasdóttir, sigrunto@or.is